

**2008 nr. 72 11. júní****Lög um Fiskræktarsjóð**

**Tóku gildi 1. janúar 2009.** *Breytt með:* L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 47/2018 (tóku gildi 26. maí 2018). L. 62/2018 (tóku gildi 23. júní 2018; um lagaskil sjá brákv.). L. 88/2020 (tóku gildi 22. júlí 2020 nema 14. gr. sem tók gildi 1. jan. 2021).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr. Fiskræktarsjóður.**

□ Fiskræktarsjóður er sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins og á forræði [ráðherra]<sup>1)</sup> sem hefur það hlutverk að veita lán eða styrki til verkefna sem þjóna þeim markmiðum að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiði úr þeim.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 484. gr.

**■ 2. gr. Stjórn Fiskræktarsjóðs.**

□ Fiskræktarsjóður lýtur [fjögurra]<sup>1)</sup> manna stjórn sem [ráðherra]<sup>2)</sup> skipar til fjögurra ára í senn. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga [og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga].<sup>1)</sup> Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar og skal atkvæði hans ráða úrslitum ef atkvæði falla jöfn. Nú tilnefnir einn framangreindra aðila eigi mann í stjórn sjóðsins og skipar þá ráðherra í nefndina án tilnefningar. Varamenn skal skipa með sama hætti.

<sup>1)</sup> L. 62/2018, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 484. gr.

**■ 3. gr. Verkefni stjórnar.**

□ Stjórn Fiskræktarsjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi hans í samræmi við lög þessi og reglugerð. Verkefni stjórnar eru m.a. að:

- skila ársreikningum og reglulegu yfirliti um starfsemi sjóðsins til ráðherra,
- taka ákvarðanir um ávöxtun eigin fjár,
- taka ákvarðanir um úthlutanir og útgjöld.

**■ 4. gr. Ráðstöfunarfé Fiskræktarsjóðs.**

□ Ráðstöfunarfé Fiskræktarsjóðs er:

- [fjárveiting á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum],<sup>1)</sup>
- arður af eigin fé,
- ...<sup>1)</sup>
- annað.

<sup>1)</sup> L. 47/2018, 2. gr.

**■ 5. gr. ...<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 62/2018, 2. gr.

**■ 6. gr. ...<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 62/2018, 3. gr.

**■ 7. gr. Eigið fé Fiskræktarsjóðs.**

□ ...<sup>1)</sup>

□ Eigið fé, sem ekki hefur verið ráðstafað með heimild í 8. gr., skal ávaxtað samkvæmt samningi við aðila sem hefur leyfi til fjárvörslu lögum samkvæmt, um vörslu og ávöxtun eigin fjár.

□ ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/2018, 4. gr.

**■ 8. gr. Úthlutanir úr Fiskræktarsjóði.**

□ Fyrir 1. september hvert ár skal stjórn Fiskræktarsjóðs gefa út og láta birta lána- og úthlunarreglur sem gilda skulu fyrir sjóðinn næsta almanaksár. Reglurnar skulu áður bornar undir ráðherra til samþykktar.

□ Heimilt er að veita lán og styrki úr Fiskræktarsjóði í samræmi við gildandi lána- og úthlunarreglur.

□ Fiskræktarsjóði er heimilt að afla umsagnar Fiskistofu um umsóknir um lán eða styrki til framkvæmda er lúta að fiskrækt í ám og vötnum þyki þess þörf.

□ Fiskræktarsjóði er heimilt að skilyrða úthlutanir við að úthlutarhafar geri grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöf- un fjár samkvæmt nánari reglum sjóðstjórnar.

□ Fiskræktarsjóði er heimilt að ákveða að greiða úthlutanir í áföngum eftir framvindu verkefna.

□ Um málsmeðferð við veitingu lána og styrkja gilda ákvæði stjórnsýslulaga.

**■ 9. gr. Reglugerðarheimild. Kostnaður af rekstri.**

□ Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, þ.m.t. um málsmeðferð og ráðstöfun fjár úr Fiskræktarsjóði.

□ Allur kostnaður af starfsemi Fiskræktarsjóðs greiðist af honum.

**■ 10. gr. ...<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 62/2018, 5. gr.

**■ 11. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009. ...

**■ Ákvæði til bráðabirgða. ...<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 88/2020, 16. gr.